

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Traðarland 1, Víkingur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 13. maí 2016 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Traðarland, Víkingur. Í breytingunni felst að gera byggingarreit fyrir varamannaskýli og fjölmiðlastand vestan keppnisvallar, andspænis stúku og miðjusettt við völlu. Um er að ræða byggingu sem inniheldur geymslur á vallarhæð, blaðamannastúku á annarri hæð og á þaki mannvirkis eru upptökusvalir fyrir fjölmiðla. Til beggja handa eru 7 metra löng varamannaskýli með skyggni, allt að 3 metra há. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 26. maí 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2016